

23. janúar 1979.

973

Nr. 502.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti  
dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 12 000 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 1 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 36 27. janúar 1978.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. janúar 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

13. desember 1979.

Nr. 503.

## REGLUGERÐ

um flugskóla.

1. gr.

Flugskóli er skóli, sem starfar í samræmi við eftirfarandi reglur og gefur nemendum sínum kost á bóklegu og verklegu einkaflugmannsnámi og annast enn fremur flugkennslu til frekari réttindaauka flugmanna.

2. gr.

Flugkennsla skal eingöngu fara fram við flugskóla, sem samþykktir eru af flugmálastjórn. Námsfni flugskólanna bóklegt og verklegt skal vera samþykkt af flugmálastjórn.

3. gr.

Flugmálastjórn gefur út leyfi til reksturs flugskóla, með þar til gerðu leyfisbréfi. Binda má leyfi þeim takmörkunum sem flugmálastjórn telur nauðsynlegt hverju sinni. Leyfið er í fyrsta sinn gefið út til eins árs, en flugmálastjórn getur síðan framlengt það til 2ja ára í senn. Leyfið er bundið því skilyrði, að flugmálastjórn sé tafarlaust tilkynnt, ef forsendur leyfisveitingar breytast, eða ef þær eru ekki lengur fyrir hendi.

B 121